

## Starfskjarastefna Borgunar 2018

### 1. Markmið

Starfskjarastefna Borgunar er sett í samræmi við ákvæði laga um hlutafélög og byggir á leiðbeinandi reglum um stjórnarhætti fyrirtækjai. Starfskjarastefnan greinir frá starfskjörum stjórnenda og stjórnarmanna og stefnu varðandi samninga við þessa aðila. Markmið með starfskjarastefnu Borgunar er að tryggja að kjör stjórnarmanna og stjórnenda séu í samræmi við vilja hluthafa. Tilgangur hennar er að hluthafar geti að fullu áttað sig á uppbyggingu starfskjara stjórnarmanna, forstjóra félagsins og annarra stjórnenda.

### 2. Starfskjör

Starfskjör stjórnar, forstjóra og annarra stjórnenda skulu vera sanngjörn og í samræmi við kjör jafningja í sambærilegum félögum og annarra starfsmanna félagsins. Skulu kjör vera í samræmi við gang félagsins og almenna launasetningu, taka mið af langtímahagsmunum félagsins og ásetningi um arðsemi, vöxt og stöðugleika í rekstri samanber stefnu félagsins.

#### 2.1 Starfskjör stjórnarmanna

Stjórnarmenn fá greidda fasta þóknun fyrir störf sín. Þóknun aðal- og varamanna stjórnar er ákveðin á aðalfundi félagsins ár hvert. Þá fá stjórnarmenn greidda þóknun fyrir störf í nefndum sem þeir kunna að sitja í.

Stjórnarmenn njóta ekki hlutabréfakaup- og söluréttar, forkaupsréttar eða annars konar greiðslna sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs á hlutabréfum í félaginu.

#### 2.2 Starfskjör forstjóra

Starfskjör forstjóra félagsins skulu ákvörðuð í ráðningarsamningi. Í ráðningarsamningi við forstjóra skal kveðið á um föst laun, lífeyrisgreiðslur, réttindi og skyldur, hlunnindi og greiðslur við starfslok. Starfslokagreiðslur skulu ekki vera að hærri fjárhæð en sem nemur launum eins árs, en heimilt er að dreifa greiðslum yfir lengra tímabil komi aðilar sér saman um slíkt. Starfslokagreiðslurnar skulu ekki fara fram ef starfslok verða vegna ófullnægjandi árangurs. Ekki skal kveðið á um kaup- eða sölurétti, kaupaukagreiðslur eða lánasamninga í ráðningarsamningi forstjóra.

### **2.3 Starfskjör annarra stjórnenda (forstöðumanna)**

Forstjóri ræður kjörum annarra stjórnenda og eru þau ákvörðuð í ráðningarsamningi hvers stjórnanda. Kjör stjórnenda fela í sér föst laun, viðbótarlífeyrisgreiðslur og hlunnindi. Ef ákvæði eru um greiðslu kaupauka í samningi viðkomandi stjórnanda, skal kaupauki aðeins greiddur að því gefnu að skilgreindum markmiðum viðkomandi stjórnanda hafi verið náð og afkoma félagsins sé í samræmi við þá áætlun sem samþykkt var af stjórn. Kaupaukakerfi Borgunar tekur mið af reglum Fjármálaeftirlitsins um kaupaukakerfi fjármálafyrirtækja nr. 388/2016.

### **3. Ábyrgðartryggingar æðstu stjórnenda (stjórnarmanna, forstjóra og forstöðumanna)**

Félagið skal tryggja að á hverjum tíma sé í gildi starfsábyrgðartrygging er gildi fyrir stjórnarmenn og æðstu stjórnendur vegna starfa þeirra fyrir félagið. Félagið skal tryggja að stjórnarmönnum og æðstu stjórnendum sé haldið skaðlausum af kröfum sem á þá kunna að verða gerðar eða á þá kunna að falla vegna starfa fyrir félagið upp að þeirri fjárhæð sem umsamin stjórnendaábyrgðartrygging félagsins á hverjum tíma nemur, þar með talið greiðslu fjárhæða sem falla utan tryggingafjárhæðar á grundvelli ákvæða um sjálfsábyrgð, að svo miklu leyti sem ákvæði laga um hlutafélög, laga um gjaldþrot og meginreglur laga um saknæmi leyfa.

### **4. Samþykkt starfskjarastefnu**

Lögum samkvæmt skal félagsstjórn birta starfskjarastefnu félagsins í tengslum við aðalfund. Þá skal félagsstjórn einnig upplýsa viðsemjendur sína um hvað felst í starfskjarastefnunni, þar á meðal að hvaða leyti hún er bindandi. Starfskjarastefna skal samþykkt á aðalfundi, með eða án breytinga. Á aðalfundi skal einnig greina frá kjörum forstjóra og stjórnarmanna eins og fram kemur í ársskýrslu félagsins.

---

<sup>i</sup> Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja, gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins, 5. útgáfa (2015).